

Athugasemd vegan deiliskipulagstillögu Hvammsvirkjunar í Þjórsár.

Pörf fyrir virkjun:

Ekki er það augljóst þörf fyrir nýrri virkjun í Þjórsá eins og staðan er núna. Miðað við útgefna framkvæmda áætlun um öflun nýrrar raforku á Þjórsár/Tungnár svæði og er í meðferð hjá verkefnastjórn Rammaáætlunnar er uppgefin verkefni framundan:

Stækkun Vatnsfellsvirkjunar 55 MW.

Stækkun Sigölduvirkjunar 65 MW.

Stækkun Hrauneyjarfossvirkjunar 90 MW.

Búrfellslundur vindmyllugarður 120 MW.

Samtals gerir þetta 330 MW.

Af þessu má sjá að ekki virðist brýn þörf á nýrri virkjun í Þjórsá. Það skal tekið fram að allar 7 virkjanir á Tungnár/Þjórsár sem komnar eru hafa verið framkvæmdar án nokkurs ágreinings en það hlítur að valda mörgum íbúanum í Skeiða og Gnúpverjahreppi hugarangri að fyrirhuguð virkjun er í minni Þjórsárdals.

Af þjóðveginum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sést Þjórsá einungis frá tveimur stöðum, það er fyrir neðan Þrándarholt, Stöðulfells og Miðhúsa, þar er áhrifasvæði Holtavirkjunar og svo á Minna- Núpshálsi, þar opnast Þjórsárdalurinn með allri sinni fegurð, Þjórsáin eins og lífæð sem liðast um mitt listaverk náttúrunnar. Það verður dapurlegt að sjá þessa perlu stór skaðaða af ágirnd mannshandarinnar í augljósu ágirnd græðginnar.

Sjá vatnsfallið eins og það er nú með 360m³ rennsli en verður í lægstu stöðu eftir framkvæmdir einungis 10m³ rennsli eða 2.8% af náttúrulegu rennsli. Það hlítur að vera umhugsunarefni hvað taka má af rennsli stórfljóta og færa til í farvegum sínum. Farvegur sem hefur haldið utan um 2000m³ rennsli og jafnvel meira í sínum stórflóðum án þess að upp úr flæði, þetta er umhugsunarefni. Maður verður hugsað til lífríkisins í svona umróti, alls þess göngufisks sem gengur um farveginn og hvernig tryggt verður að hann komist á sínar hryggningastöðvar ofan virkjanna. Framkvæmdaaðili ræðir um að göngufiski verði tryggður greiður farvegur og eins greiðleið gönguseiða svokallaðar seiðaveitur sem ekki hafa verið notaðar hér á landi og með misgóðum árangri erlendis. Nokkrar ferskvatnsár eru ofan áhrifasvæðis Hvammsvirkjunar sem nú eru leigðar út fyrir þá aðila sem njóta vilja stórkostlegrar náttúru þessa svæðis.

Við sem íbúar þessarar sveitar hljótum að hugsa hversu langt má ganga á umhverfisrétt okkar, eru engin takmörk fyrir hvað langt má ganga á umhverfið og rétt landsins og íbúa sveitafélagsins og gesti okkar að þróast á sjálfbæran hátt? **Þetta er dapurlegt.**

Og til að ná þessu öllu fram þarf einhverja “gulrót” og hver er hún jú eitt stykki brú yfir Þjórsá á móts við íbúakjarnan í Árnesi miðju sveitarfélaginu, takk fyrir. Framkvæmdaraðili Hvammsvirkjunar Landsvirkjun fjármagnar brúna, hver setur sig uppá móti bættum samgöngum? Maður hélt alltaf að Vegagerðin væri framkvæmdaraðili á samgöngum og Landsvirkjun á virkjunum.

Að þessu er ekki augljós ástæða fyrir nýjum virkjunum í Þjórsá í bráð og gerum við ábúendur og eigendur jarðarinnar Stöðulfells í Skeiða og Gnúpverjahrepps þá kröfu að áður en að til endanlegrar ákvörðunar kemur verði boðað til almenns opins fundar um virkjanir í neðri Þjórsár, það hefur enginn opin umræða farið fram um þessa virkjun einungis kynningar, sem sagt maður á mann aðferðin í stað opins fundar.

Stöðulfelli 17.febrúar 2021.

Hrafnhildur Ágústsdóttir 010957 2069

Oddur Guðni Bjarnason 200755 2869